

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. mars 2012
Tilvísun: UST20120200051/sdk

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Vísað er í bréf frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 6. febrúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, 375. mál.

Með frumvarpinu eru gerðar breytingar að því er varðar skipulag viðbragða vegna bráðamengunaróhappa innan hafnarsvæða. Umhverfisstofnun kom að undirbúningi frumvarpsins í samráði við Hafnarsamband Íslands að beiðni umhverfisráðuneytisins og því komið athugasemdum á framfæri á fyrri stigum.

Umhverfisstofnun lýsir ánægju sinni með breytingarnar sem frumvarpið felur í sér og væntir þess að þær skili sér í markvissari framkvæmd og skýrara hlutverki og ábyrgð hafna landsins. Umhverfisstofnun vill þó vekja athygli á því að með frumvarpinu eru lagðar nýjar skyldur á stofnunina sem ekki hafa verið til staðar áður.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnuninni er falið viðtækara hlutverk en áður sem m.a. lýsir sér í sér að stofnunin er yfirumsjónar- og samráðsaðili að því er varðar viðbragðsáætlanir hafna. Það felur í sér að senda skal stofnuninni áætlanirnar til samþykktar fyrir 1. mars ár hvert, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Að auki er Umhverfisstofnun falið í samráði við mengunarvarnarráð hafna stærra hlutverk við að ákveða uppbyggingu og endurnýjun á nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins. Það felur í sér að Umhverfisstofnun þarf að halda utan um upplýsingar þar að lútandi, sbr. lokamálsgrein 7. gr. frumvarpsins.


Við vinnslu frumvarpsins og breytingu á 19. gr. gildandi laga var lokamálsliður 2. mgr. um að Umhverfisstofnun tæki ákvörðun um uppbyggingu og endurnýjun búnaðar um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands felldur út. Landhelgisgæslan kom að máli við Umhverfisstofnun vegna þessa og taldi þá breytingu óæskilega. Umhverfisstofnun hefur farið yfir athugasemdir Landhelgisgæslunnar og tekur undir þær. Því telur stofnunin rétt að bætt verði aftan við nýja 2. mgr. 19. gr. laganna [*...og um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands.*].


Umhverfisstofnun gerir að auki athugasemd varðandi yfirskrift nýrrar greinar 13. gr. a, „*Tilkynningar um bráðamengun*“. Stofnunin leggur til að bætt verði aftan við yfirskriftina „og

mengunaróhöpp “ þar sem greinin nær einnig til mengunaróhappa á landi.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti.

Virðingarfyllt


Kristín L. Árnadóttir
Forstjóri


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri